

# Handbók um Umferðarmerki

## Bannmerki

Útgefandi Vegagerðin og Reykjavíkurborg

Mars 2013

 <p><u>B01.11 Allur akstur bannaður</u></p>	 <p><u>B01.21 Innakstur bannaður</u></p>	 <p><u>B03.11 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður</u></p>	 <p><u>B03.21 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður</u></p>	 <p><u>B03.31 Akstur vörubifreiða bannaður</u></p>
 <p><u>B03.32 Akstur hópifreiða bannaður</u></p>	 <p><u>B03.35 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður</u></p>	 <p><u>B03.36 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður</u></p>	 <p><u>B03.41 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður</u></p>	 <p><u>B03.51 Akstur tvíhjóla bannaður</u></p>
 <p><u>B03.61 Akstur torfærutækja á beltum bannaður</u></p>	 <p><u>B03.71 Akstur léttu bifhjóla bannaður</u></p>	 <p><u>B05.11 Hjólreiðar bannaðar</u></p>	 <p><u>B05.21 Hestaumferð bönnuð</u></p>	 <p><u>B05.31 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð</u></p>
 <p><u>B12.xx Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja</u></p>	 <p><u>B13.xx Takmörkuð breidd ökutækja</u></p>	 <p><u>B14.xx Takmörkuð lengd ökutækja</u></p>	 <p><u>B15.xx Takmörkuð hæð ökutækja</u></p>	 <p><u>B16.xx Takmörkupð heildarþyngd ökutækja</u></p>

				
<a href="#">B17.xx Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja</a>	<a href="#">B18.xx Takmarkaður áspungji</a>	<a href="#">B19.11 Stöðvunarskylda við vegamót</a>	<a href="#">B19.21 Sérstök stöðvunarskylda</a>	<a href="#">B21.11 Bannað að leggja ökutæki</a>
				
<a href="#">B22.11 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð</a>	<a href="#">B22.21 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.</a>	<a href="#">B24.11 Bannað að stöðva ökutæki</a>	<a href="#">B25.11 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang</a>	<a href="#">B26 Sérstök takmörkun hámarkshraða</a>
				
<a href="#">B27 Sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið</a>	<a href="#">B28 Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er</a>	<a href="#">B29 Mörk svæðis þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur</a>	<a href="#">B30.11 Hægri beygja bönnuð</a>	<a href="#">B30.12 Vinstri beygja bönnuð</a>
				
<a href="#">B30.21 U-beygja bönnuð</a>	<a href="#">B33.11 Framúrakstur bannaður</a>	<a href="#">B33.21 Framúrakstur vörubifreiða bannaður</a>	<a href="#">B33.31 Banni við framúrakstri lokið</a>	<a href="#">B33.41 Banni við framúrakstri vörubifreiða lokið</a>
				
<a href="#">B34.11 Afnám banna</a>				

## Almennar reglur um bannmerki (B)




### Reglugerð um umferðarmerki:

Bannmerkjum er ætlað að banna eða mæla fyrir um umferð. Bannmerki eru flest hringlaga með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Á hinum gula fleti skal merkið skýrt nánar með táknmynd eða svörtu letri.

### Vinnureglur um notkun:

Stærð bannmerkja skal vera sem hér segir:



Gerð	Þvermál (mm)	Breidd jaðars (mm)
	D	a
Lítill	400	40
Venjuleg	600	60
Stærri	800	80

Bannmerki ber að setja sem næst þeim stað sem merkið á við. Merkin B30.11 , B30.12  og B30.21  má þó setja í allt að 50 m fjarlægð frá vegamótum. Þegar við á skal merkja lengd eða fjarlægð í hættusvæði á undirmerki J01.11 **200 m** eða J02.11 **0,2 - 1,0 km**.


Á þjóðvegum utan þéttbýlis með árdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stærri gerð merkja.

Á þjóðvegum innan þéttbýlis þar sem leyfður umferðarhraði er 60 km/klst eða hærri skal nota stærri gerð merkja.


Minni gerð merkja skal eingöngu nota þar sem ekki er hægt að nota venjuleg merki vegna þrengsla.

Í þéttbýli má þvermál merkjanna B21.11  og B24.11  vera 250 mm


Ef vísa þarf á aðrar leiðir eða ef akstursleið endar þar sem bannsvæði byrjar má gera það með viðbótarkerkjum á upplýsingatöflu.



## Málsetning fyrir götun 600 mm bannmerkja



## Málsetning fyrir götun 800 mm bannmerkja





## B01.11 Allur akstur bannaður

### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð í báðar akstursáttir.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem bannsvæði byrjar. Jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, sem lokaður er, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir eða ef akstursleið endar þar sem bannsvæði byrjar má gera það með viðbótarmerkjum á upplýsingatöflu eða bráðabirgðamerki (H-merki).



## B01.21 Innakstur bannaður

### Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta ber að nota þar sem umferð hvers konar ökutækja er bönnuð inn á veg.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki þetta ber að nota þar sem bannsvæði byrjar. Jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, sem lokaður er, gefið upp á undirmerki.

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Ef æskilegt þykir má setja B01.21 begga vegna götunnar.



Sjá nánar um notkun merkisins á eftirtöldum skýringarmyndum:

[Vinnustaðamerkingar - Lokuð akbraut](#)

[Vinnustaðamerkingar - Einstefna](#)

## B03.11 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið á að nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.

Ef við á, skal gildistími banns gefin upp með undirmerki J06.11 **8-17**.Után þéttbýlis skal lengd að stað eða lengd svæðis gefin upp með undirmerki J01.11 **200 m** eðaJ02.11 **0,2 - 1,0 km**.

## B03.21 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla bannaður

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið ber að nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, er bönnuð.

Ef við á, skal gildistími banns gefin upp með undirmerki J06.11 **8-17**.Után þéttbýlis skal lengd að stað eða lengd svæðis gefin upp með undirmerki J01.11 **200 m** eðaJ02.11 **0,2 - 1,0 km**.

## B03.31/32 Akstur vörubifreiða/hópbifreiða bannaður



B03.31 Akstur vörubifreiða bannaður



B03.32 Akstur hópbifreiða bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Ef bannið nær ekki til allra vörubifreiða / hópbifreiða skal mesta leyfileg heildarþyngd letuð á undirmerki [J16](#)

**10 t**

**Vinnureglur um notkun:**

Ef við á, skal gildistími banns gefin upp með undirmerki J06.11

**8-17**

Utan þéttbýlis skal lengd að stað eða lengd svæðis gefin upp með

undirmerki J01.11

**200 m**

eða J02.11

**0,2 - 1,0 km**



## B03.35 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta er einkum notað á svæðum þar sem grunnvatn er notað til neyslu. Ef sérstaklega stendur á má nota merkið utan slíkra svæða.

**Vinnureglur um notkun:**

Merki þetta skal aðeins sett upp að undangenginni umfjöllun hjá veghaldara.



## B03.36 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta er notað þar sem nauðsynlegt er að banna eða takmarka umferð með hættulegan farm, t.d. sprengiefni, bensín eða annað eldsneyti. Þetta getur t.d. átt við í jarðgöngum.

**Vinnureglur um notkun:**

Ef bannið tekur til tiltekins tíma úr sólarhring skal gefa þann tíma upp á undirmerki J06.11

**8-17**

Nánar sjá: [Reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi](#) ásamt síðari breytingum (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

## B03.41 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður



### Reglugerð um umferðarmerki:

Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.



### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem umferð hægfara dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla er bönnuð.

Ef við á, skal gildistími banss gefin upp með undirmerki J06.11

8-17

Után þéttbýlis skal lengd að stað eða lengd svæðis gefin upp með undirmerki J01.11

200 m

J02.11

0,2 - 1,0 km

0,2 - 1,0 km

8 - 17

## B03.51/71 Akstur (léttra) bifhjóla bannaður

### Reglugerð um umferðarmerki:

B03.51 Akstur bifhjóla bannaður

B03.71 Akstur léttra bifhjóla bannaður



B03.51 Akstur bifhjóla bannaður



B03.71 Akstur léttra bifhjóla bannaður



### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki B03.51 er notað þar sem bönnuð er notkun þungra og léttra bifhjóla.

Lengd að stað eða lengd svæðis skal gefin upp með undirmerki J01.11

200 m

eða J02.11

0,2 - 1,0 km

0,2 - 1,0 km

8 - 17

Ef við á, skal gildistími banss gefin upp með undirmerki J06.11

8-17

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Þessi merki eru almennt ekki notuð innan þéttbýlis.



## B03.61 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður

### Reglugerð um umferðarmerki:

Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta á hvorki við á þjóðvegakerfinu né í þéttbýli þar sem umferð vélsleða er þar almennt bönnuð.



**B05.11 Hjólreiðar bannaðar****Reglugerð um umferðarmerki:**

Hjólreiðar bannaðar.

**Vinnureglur um notkun:**

Merki þetta ber að nota þar sem hjólreiðar eru bannaðar.

Á þjóðvegum skal lengd bannsvæðis gefin upp á undirmerki J02.11

0,2 - 1,0 km

**B05.21 Hestaumferð bönnuð****Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að fara með hesta.

**Vinnureglur um notkun:**

Merki þetta er notað þar sem hestaumferð getur skapað hættu fyrir vegfarendur. Víða hafa verið settir upp reiðvegir og er vísað á þá með boðmerkinu C16.11



Útan þéttbýlis skal lengd bannsvæðis gefin upp á undirmerki J02.11

0,2 - 1,0 km

Innan þéttbýlis skal lengd bannsvæðis gefin upp á undirmerki J02.11

0,2 - 1,0 km

ef þörf er á.

**B05.31 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð****Reglugerð um umferðarmerki:**

Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð.

**Vinnureglur um notkun:**

Merki þetta má nota þar sem umferð gangandi vegfarenda er bönnuð.



Lengd eða fjarlægð í bannsvæði skal gefin upp á undirmerki J01.11

200 m

eða J02.11

0,2 - 1,0 km

**B12.xx Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja****Reglugerð um umferðarmerki:**

Minnsta leyfilega bil milli vélknúinna ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, skal leitað á merkið. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreint bil í heilum metrum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B12.50.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið má nota á stöðum þar sem nauðsynlegt er að skilgreina minnsta leyfileg bil milli ökutækja. Merkið má t.d. nota í göngum og þar sem framúrakstur er sérlega hættulegur.

Lengd bannsvæðis skal gefin upp undirmerki J02.11

0,2 - 1,0 km



## B13.xx Takmörkuð breidd ökutækja

### Reglugerð um umferðarmerki:

Mesta leyfileg breidd ökutækja, með eða án farms, skal letuð á merkið. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda breidd í metrum með einum aukastaf. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B13.22.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem breidd ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í [Reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja](#) (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarkerkjum á upplýsingatöflu eða bráðabirgðamerki.

Sjá nánar:

[Lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja](#)  
[Bráðabirgðamerki - Umferðartakmörkun](#)



## B14.xx Takmörkuð lengd ökutækja

### Reglugerð um umferðarmerki:

Mesta leyfileg lengd ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, með eða án farms, skal letuð á merkið. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda lengd í heilum metrum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B14.10.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem lengd ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í [Reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja](#) (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarkerkjum á upplýsingatöflu eða bráðabirgðamerki.

Sjá nánar:

[Lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja](#)  
[Bráðabirgðamerki - Umferðartakmörkun](#)

## B15.xx Takmörkuð hæð ökutækja



### Reglugerð um umferðarmerki:

Mesta leyfileg hæð ökutækja, með eða án farms, skal letruð á merkið. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda hæð í metrum með einum aukastaf. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B15.35.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem hæð ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í [Reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja \(síðari breytingar aftan við reglugerð\)](#). Merkið ber að nota við allar órafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 5,15 m og rafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 6,15 m.

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafli, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarmerkjum á upplýsingatöflu.

#### Frí hæð:

Frí hæð er minnst hæð að hindrun fyrir ofan veg (s.s. loft ganga, brú, þak brúar, leiðslur) miðað við ástand vegar að sumri til.

#### Tölugildi umferðarmerkis

Tölugildi merkis skal gefa upp í m og með einum aukastaf. Hæsta mögulega tölugildi er 4,8 m.

#### fyrir órafmagnaðar hindranir:

Tölugildi umferðarmerkis reiknast sem frí hæð mínus 25 sm og lækkun í næsta heila aukastaf.

Dæmi: frí hæð ganga ert 5,14 m -> 25 sm eru dregnir frá = 4,89. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,8 m.

Dæmi: frí hæð undir umferðarbrú er 4,65 -> 25 sm eru dregnir frá = 4,4. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,4 m.

#### fyrir rafmagnsleiðslur:

Tölugildi umferðarmerkis reiknast sem frí hæð mínus 125 sm og lækkun í næsta heila aukastaf.

Dæmi: frí hæð rafmagnsleiðslu ert 6,14 m -> 125 sm eru dregnir frá = 4,89. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,8 m.

Nota skal undirmerki er tilgreina "Háspennu og lífshættu" þegar varað er við rafmagnsleiðslum.

#### Sjá nánar:

[Lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja](#)  
[Bráðabirgðamerki - Umferðartakmörkun](#)



## B16.xx Takmörkuð heildarþyngd ökutækja

### Reglugerð um umferðarmerki:

Mesta leyfileg heildarþyngd ökutækja skal letuð á merkið. Takmörkunin gildir um hvert ökutæki samtengdra ökutækja. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda þyngd í heilum tonnum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B16.08.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem heildarþyngd ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í [reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja](#) (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

Merki þetta skal að jafnaði ekki sett upp nema stuttan tíma í einu, þ.e.a.s. þegar þungatakmarkanir eru í gildi.

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarmerkjum á upplýsingatöflu.

Sjá nánar

[Reglur Vegagerðarinnar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.](#)

[Skýringarmyndir byggðar á texta reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja þungatakmarkanir sem nú eru í gangi.](#)

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Sömu reglur og utan þéttbýlis nema að bannið getið verið varanlegt.



## B17.xx Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja

### Reglugerð um umferðarmerki:

Mesta leyfileg heildarþyngd samtengdra ökutækja skal letuð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda þyngd í heilum tonnum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B17.20.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem heildarþyngd samtengdra ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í [reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja](#) (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

Mesta leyfilega heildarþyngd samtengdra ökutækja skal letuð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki

Merki þetta skal að jafnaði ekki sett upp nema stuttan tíma í einu, þ.e.a.s. þegar þungatakmarkanir eru í gildi.

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarmerkjum á upplýsingatöflu.

Sjá nánar

[Reglur Vegagerðarinnar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.](#)

[Skýringarmyndir byggðar á texta reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja þungatakmarkanir sem nú eru í gangi.](#)

## B18.xx Takmarkaður áspungi



### Reglugerð um umferðarmerki:

Á merkið skal letra mesta leyfilega þunga á ás með fjórum hjólum. Þyngd áss með tveimur hjólum og þyngd á tví- og þrías skal vera í samræmi við reglur um þyngd ökutækja. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda þyngd í heilum tonnum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið 18.05.

### Vinnureglur um notkun:

Merki þetta ber að nota þar sem áspungi ökutækja er takmarkaður umfram það sem sagt er fyrir um í [reglugerð nr. 528/1998 um stærð og þyngd ökutækja](#) (**síðari breytingar aftan við reglugerð**)

Á merkið skal letra tölugildi þeirrar áspungareglu sem er í gildi.

Merki þetta skal að jafnaði ekki sett upp nema stuttan tíma í einu, þ.e.a.s. þegar þungatakmörkanir eru í gildi.

Merki þetta skal sett upp þar sem takmörkun byrjar og jafnframt er heimilt að setja merkið við upphaf tengivegar eða á leið að viðkomandi vegi og skal þá númer eða auðkenni þess vegar eða vegarkafla, þar sem takmörkunin gildir, gefið upp á undirmerki. Ef vísa þarf á aðrar leiðir má gera það með viðbótarkerkjum á upplýsingatöflu.

Sjá nánar

[Reglur Vegagerðarinnar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga ökutækja.](#)  
[Skýringarmyndir byggðar á texta reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja þungatakmörkanir sem nú eru í gangi.](#)

## B19.11 Stöðvunarskylda við vegamót



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta skal setja við vegamót þar sem ökuönnum ber skilyrðislaust að nema staðar og veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.



### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Nota ber merki B19.11 þar sem sérstakar aðstæður krefjast, t.d. þar sem vegsýn er takmörkuð eða eðli gatnamóta eða umferðar þannig að þörf sé á skilyrðislausri stöðvunarskyldu enda liggja fyrir beiðni eða samþykki viðkomandi lögreglustjóra.

Merkið skal sett upp, þar sem ökuþingi ber að stansa. Merkið skal vera í a.m.k. 5 m fjarlægð frá vegkanti þess vegar sem ekki hefur stöðvunarskyldu.

Við vegamót utan þéttbýlis, skal auk B19.11 á venjulegum stað vera A06.11 merki 300 m frá vegamótum þar sem fjarlægð er tilgreind á

undirmerki [J42.11](#)



## B19.21 Sérstök stöðvunarskylda



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má nota þegar stöðva skal ökutæki annars staðar en við vegamót. Á neðri helming merkisins ber að letra skýringu á stöðvunarskyldu.

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp, þar sem öikumanni ber að stansa og jafnframt skal vera annað B19.21 merki 300 m frá stöðvunarstað þar sem fjarlægð er tilgreind á undirmerki J01.11 **300 m**.

## B21.11 Bannað að leggja ökutæki



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að leggja ökutæki. Bannið tekur aðeins til þess vegarhelming sem merkið er á. Bannið gildir í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum. Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum má setja upp merki á þeim stað þar sem banninu á að ljúka og þar undir ör sem snýr á móti akstursstefnunni (J01.51 eða J01.52). Ef bannið nær aðeins um skamman veg má nota eitt merki með

undirmerki sem tilgreinir fjarlægðina (J02.11 **200-800m**). Ef þurfa þykir má áréttta bannið með merki eða merkjum innan bannsvæðisins og þar undir örvum sem vísa í báðar áttir (J01.61). Nái bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal velja undirmerki með upplýsingum um það. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum

eða tilteknum tíma dags eða lengur en t.d. 30 mín. skal letra um það upplýsingar á undirmerki (J06.11 **8-17**)

eða J07.11 **P 30 mín**).

Merki þetta skal ekki nota þar sem stöðumælar eru en þeir gefa til kynna að heimild til að leggja ökutæki sé takmörkuð við tiltekið tímabil gegn greiðslu.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Ekki þarf að nota merkið þar sem bannað er að leggja samkvæmt umferðarlögum, sjá 27-29 gr. umferðarlaga þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum eða tilteknum tíma dags eða t.d. lengur en 30 mín má nota




merkið B22.11


**8-17**

**Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:**

Leyfilegt er að snúa undirmerkjum (J01.51/52/61) bæði lárétt og lóðrétt til þess að tilgreina nánar bannsvæðið.



Dæmi um uppsetningu skilta þar sem bannað er að leggja ökutæki.



## B22.11/21 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð



B22.11 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð

B22.21 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

**Reglugerð um umferðarmerki:**

B22.11 Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma. Nánari upplýsingar um takmörkun skulu letraðar á merkið.


B22.21 Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki nema í takmarkaðan tíma.

**Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:**

Þessi merki er notuð til að afmarka svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki samkvæmt nánari fyrirmælum sem rituð eru á B22.11.

**Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:**

Dæmi um notkun merkjanna þar sem bannað er að leggja í snúningshaus. Snúningshaus er ritað á B22.11








## B24.11 Bannað að stöðva ökutæki

### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar. Hliðstæðar reglur gilda um notkun þessa merkis og um notkun merkisins B21.11 .

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Ekki þarf að nota merkið þar sem bannað er að stöðva samkvæmt umferðarlögum, sjá 27-29 gr. umferðarlaga.

Stöðvunarbann tekur aðeins til þess vegarhlmings sem merkið er á. Bannið gildir í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum. Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum má setja upp merki á þeim stað þar sem banninu á að ljúka og þar undir ör sem snýr á móti aksturstefnunni. (J01.51 eða J01.52). Ef bannið nær aðeins um skamman veg má nota eitt merki með undirmerki sem tilgreinir fjarlægðina (J02.11 **200-800m**). Ef þurfa þykir má áréttu bannið með merki eða merkjum innan bannsvæðisins og þar undir örvum sem vísa í báðar áttir (J01.61). Nái bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal velja undirmerki með upplýsingum um það.

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:


Fjarlægð milli merkja skal að jafnaði vera 70 m en þó mest allt að 150 m. Frá svæði við gatnamót að fyrsta merki er venjulega um 5 - 25 m.

Sjá nánar reglur um [B21.11](#) .



## B25.11 Skilt að veita umferð sem kemur á móti forgang

### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta má nota við vegarkafla eða stað á vegi þar sem aðstæður eru þannig að ökutæki geta ekki mæst og skilt er að veita umferð sem kemur á móti forgang. Þegar merki þetta er notað skal setja merkið D05.11  upp við hinn enda vegarkafla eða hindrunar.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Dæmi um notkun eru einbreið jarðgöng þar sem önnur akstursstefnan nýtur forgangs en hin á að víkja í til þess gerð útskot.

Merkið skal staðsett minnst 50 m áður en komið er að þeim kafla sem merkið höfðar til.

Lengd kafla skal gefin upp á undirmerki J02.11 **0,2 - 1,0 km** ef kaflinn er lengri en 50m.

Þegar merkið er notað vegna merkingar vinnusvæðis má eingöngu nota það á vegum með árdagsumferð undir 1000 bílum og á styttri kafla en 50 m, annars skal nota umferðarljós eða handvirka umferðarstjórnun.

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Ef sett er upp merking um að umferð á móti veiti eða hafi forgang er sú umferð sem hefur takmarkaðri vegsýn látin víkja.

Sjá dæmi um notkun merkisins á eftirtöldum skýringarmyndum:

[Merking þrengingar í þéttbýli](#)

**Vinnustaðamerkingar í þéttbýli:**

[Vinna þar sem akrein er lokuð og hjáleik ekki tiltæk](#)

[Vinna þar sem lokuð akrein er nær gatnamótum en 150 m](#)





## B26.xx Sérstök takmörkun hámarkshraða





### Reglugerð um umferðarmerki:



Merki þetta ber að nota til að sýna leyfðan hámarkshraða ökutækja í km á klst. Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni leyfðri heildarþyngd skal það tilgreint á undirmerki J16.xx. Merkið gildir í akstursstefnu á þeim

vegi sem það er sett við eða þar til önnur hraðamörk eru gefin til kynna með nýju merki B26.xx eða merki [B27](#) ,

B28 , [D12.11](#) , D12.21  eða [D14.11](#) . Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan hámarkshraða. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B26.60.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:


Ef annar hámarkshraði en  90 km/klst, á vegum með bundnu slitlagi og  80 km/klst, á malarvegum, gildir eftir


að komið er fram hjá [D12.21](#)  skal gefa hann upp með bannmerki B26  þar sem leyfður hraði er tiltekinn.. Bannmerkið skal setja upp 200-500 m utan við [D12.21](#).

Sjá nánar [reglur um hraðamerkingar](#).

Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni heildarþyngd eða gerð skal það tilgreint með tákmynd á undirmerki J16.xx.





Ef hraðatakörkun er á innan við 500 m löngu svæði má tákna það með undirmerki J02.11  og sleppa



merki með takmörkun lokið, B27 .

Æskilegt er að lækkun á hraðatakörkun gerist í 20-30 km/klst áföngum. Fyrsta merki skal vera í 300 m fjarlægð frá þeim kafla er merkið höfðar til og fjarlægð milli hraðatakörkunarkerkja í hverjum áfanga eftir það sé 100 - 200 m eftir aðstæðum hverju sinni.

### Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Ef annar hámarkshraði en 50 km/klst gildir skal gefa hann upp með bannmerki B26  eða B28  þar sem leyfður hraði er tiltekinn.

### Vinnureglur um notkun á vinnusvæðum.:

Nota má venjulega hraðamerki, B26 , í stað B27  merkja. Sjá nánar skýringarmyndir í [reglum um merkingar vinnusvæða](#)


## B27.xx Sérstakri takmörkun hámarkshraða lokið



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan hámarkshraða. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B27.60.

### Vinnureglur um notkun:

Nota má venjuleg hraðamerki B26  með nýjum leyfðum hámarkshraða í stað B27 merkja. Sjá nánar skýringarmyndir í [reglum um merkingar vinnusvæða](#)

## B28/29 Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er





B28.xx Mörk svæðis þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er

B29.xx Mörk svæðis þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur

### Reglugerð um umferðarmerki:

B28. Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er. Merkið gildir

þar til takmörkunin er felld úr gildi með merki B29.xx, D12.21  eða D14.11 . Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan hámarkshraða. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B28.30.

B29. Merki þetta ber að nota við akstursleiðir út af svæði þar sem sérstakri takmörkun hámarkshraða lýkur. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan hámarkshraða. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B29.30.

### Vinnureglur um notkun:

B28 skal sett upp við hverja akstursleið inn á svæðið.

B29 skal sett upp við hverja akstursleið út af svæðinu.

Dæmi um notkun merkjanna.



## B30. Beygja bönnuð



B30.11 Hægri beygja bönnuð



B30.12 Vinstri beygja bönnuð



B30.21 U-beygja bönnuð

**Reglugerð um umferðarmerki:**

B30.11 Merki þetta má nota við vegamót þar sem hægri beygja er bönnuð.

B30.12 Merki þetta má nota við vegamót þar sem vinstri beygja er bönnuð. Merkið felur einnig í sér að bannað er að snúa ökutæki við á vegi.

B30.21 Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að snúa ökutæki við á vegi. Merki sem er sett við vegamót táknar að bannað sé að snúa ökutæki við á þeim vegamótum. Ella táknar merkið að bannað sé að snúa ökutæki við fram

að næstu vegamótum nema annað komi fram á undirmerki J02.11 **0,2 - 1,0 km**.

**Vinnureglur um notkun:**

Að jafnaði skal setja merkin upp við þann stað sem bannið gildir fyrir en ef betra er vegna aðstæðna að staðsetja merki nokkru framan við vegamótin gildir merkið fram að næstu vegamótum nema annað komi fram á undirmerki.

Heimilt er að nota merkin C01.13  C01.31  og C01.32 í  stað merkjanna B30.12  eða B30.11





ef það er talið æskilegra.

Sjá nánar um notkun merkjanna á eftirtöldum skýringarmyndum:

[Skýringarmyndir af merkingum gatnamóta einstefnuvega](#)

Dæmi um notkun B30.12.





## B33.11 Framúrakstur bannaður



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem bannað er að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merki þetta má nota á vegum með bundnu slitlagi með einni akrein í hvora átt þar sem mætivegalengd fer niður fyrir eftirfarandi mörk:

Leyfður umferðarhraði km/klst	Mæti-vegalengd m
50	110
60	150
70	190
80	240
90	310

Mætivegalengd er skilgreind sem tvöföld stöðvunarvegalengd og 10 m öryggisbil að auki.

Stöðvunarvegalengd er sú vegalengd sem það tekur ökumann á hönnunarhraða vegar að stöðva ökutæki sitt við óvænta hindrum.

Merki B33.11 má setja upp beggja megin vegar þar sem sérstök ástæða er til vegna takmarkaðrar vegsýnar e.þ.h. Merkið skal setja upp 150 - 300 m áður en komið er að viðkomandi svæði og skal lengd bannsvæðis tilgreind á

undirmerki J02.11 **0,2 - 1,0 km**.



Þegar banni við framúrakstri er lokið skal sett upp merkið B33.31, banni við framúrakstri lokið, ef bannvegalengd er 500 m eða lengri.

Ef um er að ræða marga stutta samliggjandi kafla, þar sem vegsýn er takmörkuð af og til, má sameina þá undir eitt eða fleiri bannmerki með undirmerki J02.11. Miða skal við að lengd á milli merkja við slík tilfelli sé ekki minni en 2 km.

Merkið má einnig nota á sömu vegum, þar sem vegsýn getur boðið upp á að aka fram úr, en aðstæður að öðru leyti gætu gert framúrakstur hættulegan, t.d. ef hættuleg beygja er framundan, gangandi fólk eða börn, hættulegar brekkur, vegamót o.s.frv.

Sjá einnig skýringarmyndir í [reglum um merkingar vinnusvæða](#)

## B33.21 Framúrakstur vörubifreiða bannaður



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta ber að nota þar sem vörubifreiðum, þ.m.t. samtengdum ökutækjum, með meiri leyfðri heildarþyngd en 3.500 kg er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla.


### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið ber að nota þar sem hættu er á að með framúrakstri þungra bíla skapist hættu á biðraðamyndun sem leiði af sér verulega lækkun á afkastagetu vegarins, eða að slyshætta geti skapast með hægfara framúrakstri þungra ökutækja.

Merki B33.21 má setja upp beggja megin vegar þar sem sérstök ástæða er til vegna takmarkaðrar vegsýnar e.þ.h. Merkið skal setja upp 150 - 300 m áður en komið er að viðkomandi svæði og skal lengd bannsvæðis tilgreind á

undirmerki J02.11

0,2 - 1,0 km

Þegar banni við framúrakstri er lokið skal sett upp merkið B33.41 , banni við framúrakstri lokið, ef bannvegalengd er 500 m eða lengri.

Ef um er að ræða marga stutta samliggjandi kafla, þar sem vegsýn er takmörkuð af og til, má sameina þá undir eitt eða fleiri bannmerki með undirmerki J02.11. Miða skal við að lengd á milli merkja við slík tilfelli sé ekki minni en 2 km.

Merkið má einnig nota á sömu vegum, þar sem vegsýn getur boðið upp á að aka fram úr, en aðstæður að öðru leyti gætu gert framúrakstur hættulegan, t.d. ef hættuleg beygja er framundan, gangandi fólk eða börn, hættulegar brekkur, vegamót o.s.frv.

### B33.31 Banni við framúrakstri lokið

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta ber að nota þegar banni við framúrakstri lýkur. Ef bannsvæði er stutt má í stað þessa merkis nota merkið

B33.11 með undirmerki J02.11 **0,2 - 1,0 km**.

**Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:**

Merki þetta ber að nota þar sem banni við framúrakstri lýkur og í beinu framhaldi af B33.11 til að sýna að banni við framúrakstri sé lokið. Ekki þarf að setja það upp ef bannvegalengd er minni en 500 m, enda standi J02.11 með B33.11 við upphaf kaflans.

Sjá einnig fjölmargar skýringarmyndir í [reglum um merkingar vinnusvæða](#)

### B33.41 Banni við framúrakstri vörubifreiða lokið

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta ber að nota þegar banni við framúrakstri lýkur. Ef bannsvæði er stutt má í stað þessa merkis nota merkið

B33.21 með undirmerki J02.11 **0,2 - 1,0 km**.

**Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:**

Merki þetta ber að nota þar sem banni við framúrakstri vörubifreiða lýkur og í beinu framhaldi af B33.21 til að sýna, að banni við framúrakstri sé lokið. Ekki þarf að setja það upp ef bannvegalengd er minni en 500 m, enda standi J02.11 með B33.21 við upphaf kaflans.

### B34.11 Afnám banna

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta ber að nota við merkingar framkvæmda og táknar það afnám banna fyrr á svæðinu, s.s. bann við framúrakstri og lækkun hámarkshraða.

**Vinnureglur um notkun:**

Merki þetta má nota í staðinn fyrir að nota sérstök merki um takmörkun hámarkshraða og/eða banni við framúrakstri lýkur.